

Kafli 10 – Félagsfræði og fjölmiðlar

Spurningar úr efni bls. 287-305.

1. Hvað eiga félagsfræðingar við með fjölmiðlum?
2. Hver er augljós virkni fjölmiðla?
3. Hvernig birtist leynd virkni fjölmiðla?
4. Hvernig kemur augljós virkni, leynd virkni og vanvirkni fram í auglýsingum?
5. Hvernig kemur vanvirkni fjölmiðla fram?
6. Hvað er samúðarpreyta?
7. Hver er sýn átakasjónarhorns á fjölmiðla?
8. Hvað er átt við með því að fjölmiðlar séu hliðverðir?
9. Hvernig boða fjölmiðlar ríkjandi hugmyndafræði?
10. Er bandarísk alþýðu- og fjölmiðlamenning ríkjandi í heiminum?
11. Hvaða menningarheim styður fréttastofan Al Jazeera?
12. Hvaða áherslur og sýn hafa femínistar á ímynd kvenna í fjölmiðlum?
13. Hvað er fólgið í hinni svokölluðu Jezebel-staðalmynd?
14. Hvaða sýn hefur Erving Goffman á ímynd kynjanna í bók sinni *Kynjaauglýsingar*?
15. Hefur hefðbundnum kynhlutverkum verið víxlað í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum undanfarna áratugi? Nefnið dæmi.
16. Að hvaða þáttum beina þeir athygli sinni sem aðhyllast samskiptasjónarhorn?
17. Hvað einkennir viðtakendur sem markhóp?
18. Hvernig tengjast markhópar og væntingar?
19. Roland Barthes talar um að boðskapur kvikmyndar komist til skila með sendingu og viðtöku. Hvað á hann við með þessu?

20. Hvað eru skoðanaleiðtogar og hver eru áhrif þeirra?
21. Hvort virðist vera sem neytendur séu virkir eða óvirkir neytendur í viðtöku fjölmiðlaefnis?
22. Hvaða áhrif geta mismunandi félagsleg einkenni markhópa haft á túlkun og viðbrögð þeirra við atburðum sem koma fram í fjölmiðlum? Hvað leiddi athugun Darnells Hunt í ljós?
23. Eru dæmi þess að viðtakendur taki ofbeldishegðun í fjölmiðlum (t.d. kvikmynd eða tölvuleik) sér til fyrirmyndar?
24. Eru tengsl á milli ofbeldisefnis í fjölmiðlum og árásarhneigðar og andfélagslegrar hegðunar barna og unglunga sem horfa á þetta efni? Hvað segja rannsóknir um þetta?
25. Hvað segja rannsóknir um áhrif fjölskyldutengsla á sjónvarpsáhorf barna og unglunga? Er munur á kynjunum?
26. Hvaða sex lykilatriði eru fólgin í hinni nýju upplýsingatækni?
27. Hvernig lýsir Manuel Castells hinu nýja upplýsingasamfélagi?
28. Hvað á Neil Postman við með tækniræði?
29. Hvað er átt við með því að hin nýja upplýsingatækni ýti undir einstaklingsvæðingu?
30. Hvað á Zygmunt Bauman við með „fljótandi nútíma“ og „fljótandi kærleika“ í nútímanum?
31. Hvað á Jean Baudrillard við með því að segja að áhrif nútíma fjölmiðlunar komi fram í því að ímynd og veruleiki renni saman í ofurveruleika?
32. (Hópverkefni) Lesið greinina *Endalaus fjölmiðlun* á bls. 293-294 og veltið fyrir ykkur hvort bandarísk alþýðu- og fjölmiðlamenning sé ríkjandi á Íslandi og í heiminum almennt. Nefnið dæmi og gagndæmi.
33. (Hópverkefni) Lýsið fjölmiðlanotkun unglunga í dag. Hve umfangsmikil er hún og hvert er innihald hennar? Eru neikvæðar hliðar á þessari fjölmiðlanotkun? En jákvæðar hliðar?
34. (Hópverkefni) Er áhorf á ofbeldi í fjölmiðlum mótandi fyrir árásarhneigð eða andfélagslega hegðun?